

**SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA****1. gr****Nafn sambandsins er:**

Samband íslenskra prófunarstofa (SÍP). Á ensku heitir sambandið Eurolab Iceland. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

**2. gr****Markmið**

Markmið sambandsins er:

- a. Að gæta hagsmuna prófunarstofa og vera skipulagður samskiptavettvangur milli prófunarstofa og annarra aðila sem prófunarstarfsemi varðar.
- b. Að stuðla að tæknilegu samstarfi milli prófunarstofa og annarra hlutaðeigandi stofnana til þess að flýta þróun og samræmingu prófunaraðferða og samræmdri notkun þeirra.
- c. Að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu prófunarniðurstaðna með því að byggja upp traust milli aðila og stuðla að almennri notkun staðla og gæðakerfa innan starfsgreinarinnar auk vottunar og faggildingar þar sem slíkt á við.
- d. Að stuðla að eflingu prófunarstarfsemi hér á landi til gagns fyrir íslenskt samfélag, m.a með yfirfærslu upplýsinga frá evrópskum prófunarstofum og samtökum þeirra.
- e. Að vinna að bættri menntun innan starfsgreinarinnar.

**3. gr****Skilyrði fyrir aðild.**

Íslenskar prófunarstofur sem annast prófanir eða mælingar geta orðið aðilar að sambandinu.

**4. gr****Samþykkt aðildar.**

Prófunarstofa öðlast fulla aðild er stjórn sambandsins hefur samþykkt umsókn þar að lútandi.

## 5. gr

### Úrsögn aðila úr SÍP.

Úrsögn getur aðeins komið til framkvæmda á áramótum og skal boðuð með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Ef aðili greiðir ekki árgjöld, vinnur gegn markmiðum sambandsins eða skaðar það á annan hátt getur aðalfundur eða aukaaðalfundur, skv. tillögu stjórnar, vísað honum úr því. Brottvikning er talin fullgild ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja hana.

## 6. gr

### Aðalfundur.

Reglubundinn aðalfundur skal haldinn árlega, í apríl eða maí. Til aðalfundar skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Fundarboðinu skal fylgja dagskrá fyrir fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal m.a. innihalda eftirtalda þætti:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til staðfestingar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Formaður kosinn
6. Aðrir stjórnarmenn kosnir.
7. Kosinn skoðunarmaður reikninga.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

Aðalfundi er aðeins heimilt að taka ákvarðanir um málefni sem tilgreind eru í dagskránni við útkomu hennar.

Ef einn eða fleiri aðilar óska, með rökstuðningi, eftir að aðalfundur fjalli um ákveðið málefni sem varðar sambandið er stjórninni skylt að setja það á dagskrá næsta aðalfundar ef ósk þar að lútandi kemur fram fyrir lok marsmánaðar.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum þegar kosið er um mál á aðalfundi, nema þar sem annað er tilgreint, sjá liði 5 og 10.

Hver aðili að sambandinu ræður yfir einu atkvæði. Með það fer kjörinn fulltrúi sem á fundi situr en einnig getur aðili framselt atkvæði sitt með umboði.

Fulltrúar á aðalfundi verða að geta lagt fram skriflega staðfestingu á umboði sínu. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg sé þess óskað.

Aukaaðalfundur er haldinn þegar stjórnin telur nauðsynlegt eða þegar óskir koma um slíkt frá a.m.k. 1/5 hluta sambandsaðila. Beiðni um aukaaðalfund skal leggja fram skriflega ásamt viðeigandi tillögu að dagskrá.

Aukaaðalfund skal halda í síðasta lagi einum mánuði eftir að stjórninni hefur borist beiðni um hann.

Boðun aukaaðalfundar skal fara fram á sama hátt og boðun reglubundins aðalfundar.

**7. gr****Stjórn.**

Æðsta vald í sambandinu er á hendi aðalfundar.

Á aðalfundi er kosinn formaður og fjögurra manna stjórn og má hver aðili einungis eiga einn fulltrúa í stjórninni. Stjórnin skiptir með sér verkefnum.

Stjórnin skal standa að skrifstofuhaldi í samræmi við þarfir starfseminnar.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár.

**8. gr****Árgjald**

Félagsmenn skulu greiða árgjöld til félagsins, upphæð árgjalds er ákveðin á aðalfundi.

Heimilt er að reikna dráttarvexti á árgjöldum séu þau ekki greidd fyrir eindaga.

**9. gr****Starfsár**

Starfsár félagsins er á milli aðalfunda en reikningsárið er almanaksárið. Gjaldkeri skal afhenda skoðunarmanni reikninga félagsins til endurskoðunar eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

**10. gr****Félagsslit.**

Ef fram kemur tillaga um að slíta sambandinu skal fjalla um hana á reglubundnum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Sé slík tillaga samþykkt af a.m.k. 2/3 þeirra fulltrúa sem aðalfund sitja skal henni vísað til lokaákvörðunar við allsherjaratkvæðagreiðslu.

Hætti félagið að starfa skal skuldlausum eignum þess ráðstafað af félagsfundi.

**11. gr****Breytingar á lögum sambandsins.**

Lögum sambandsins má breyta á aðalfundi og nægir til þess einfaldur meirihluti atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar með fundarboði.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi SÍP þann 28. maí 2008